



531. Stjórnarfundur haldinn 5. desember 2019 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Már Bragason (BMB) Eva Björk Sveinsdóttir (ES) og Jónína Steinunn Helgadóttir (JH).

Fjarverandi: Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS) .

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá UMFÍ. Verið er að óska eftir einstaklingum í nefndir á vegum UMFÍ. **Móttekið.** Afrit af tölvupósti sem sendur var á fimleikadeild Keflavíkur merkt sem Trúnaðarmál. **Móttekið og umræður um málið.**

Bréf frá UMFÍ verið að minna á tillögur sem samþykktar voru á 51. sambandsþingi UMFÍ. **Móttekið.** Bréf frá Ingva Hákonarsyni formanni körfuknattleiksdeildar um heimild til yfirdráttar í Landsbankanum í stuttan tíma. **Móttekið og samþykkt. Framkvæmdastjóra falið málið.**

3. Send bréf

Tölvupóstur sendur Auði Ingu Þorsteinsdóttur framkvæmdastjóra UMFÍ vegna könnunar á einstaklingum um hvort þeir séu á sakaskrá.

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir deilda.

4. Framtíðarsýn Keflavíkur

Annar fundur um framtíðarsýn Keflavíkur var haldinn 21. nóvember. Fundargerð liggur fyrir. Umræður urðu hvernig við myndum stofna vinnuhóp. Ákveðið að kanna meðal deilda hvort Guðný María Jóhannsdóttir verði sá aðili sem myndi leiða vinnuhópinn og fá svo einn fulltrúa frá hverri deild. Framkvæmdastjóra falið **að kanna hjá deildum hvort þær séu sammála.**

5. Jólblað Keflavíkur

Jólblað Keflavíkur er komið og er opnuviðtalið við Björg Hafsteinsdóttur. Fimleikadeildin sér um útburð á blaðinu. Prentuð voru 6.000- eintök af blaðinu. Aðalstjórn þakkar framkvæmdastjóra fyrir gott jólblað.

6. Samningar við Reykjanesbæ

Fyrir fundinum fyrir lá uppkast af samningum Reykjanesbæjar við Keflavík íþrótt- og ungmennafélag. Aðalstjórn fagnar þessu framfara skrefi Reykjanesbæjar að styðja við íþróttir. Umræður urðu um málið. Ákveðið að hafa sérstakan fund um starfslýsingu á væntanlegum starfsmanni félagsins. **Ákveðið að funda fimmtudaginn 12. desember kl. 17:30.**

7. Íþróttakarlar og – konu Keflavíkur 2019

Fyrir fundinum lágu tilnefningar frá deildum félagsins. Skotdeild og badmintondeild skiluðu ekki inn tilnefningum. Aðalstjórn sammála að velja XXXXXXXXXXXX sem íþróttakarlar og XXXXXXXXXXXX sem íþróttakonu 2019. Ákveðið að vera með hóf íþróttamanns Keflavíkur mánudaginn 30. desember kl.18:00

8. Önnur mál

EH skrifaði undir heimild til handa knattspyrnudeildar til afnota af Hringbraut 108 undir flugeldasölu frá 15. desember 2019 til 15. janúar 2020.

Afrit af fundargerð bæjarráðs Reykjanesbæjar nr.723 11. september 2008. Mál sem varðar Hringbrautarsvæðið.

BMB spurði EH um frjálsíþróttir sem formaður ÍRB hefur verið að pósta á facebook. EH svaraði því til að hann vissi ekki neitt um málið hefði bara séð það á facebook.

Næsti fundur 12. desember kl.17:30

Fundi slitið kl. 19:40.

Fundinn ritaði BS.

